

# HÖNNUN OG SMÍÐI

## KENNSLUFIRLIT, 2022-2023

FELLASKÓLI - NORÐURFELLI 17 - 19, 111 REYKJAVÍK

**Bekkur:** 2. bekkur

**Námsgrein:** Hönnun og smíði

**Kennari:** Daníel Guðjónsson

**Önn:** Haustönn/vorönn

**Markmið:** Í námsgreininni hönnun og smíði öðlast nemandinn færni í að nota margskonar efnivið og eykur færni sína og kunnáttu til þess að hanna og búa til hluti. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Við hönnun á sér stað mat innra með einstaklingnum sem þroskar tilfinningu hans fyrir gildi hluta og umhverfis. Smíðin þroskar hins vegar verkfærni og verkkunnáttu og gerir nemandann sjálfstæðan í verki. Nemandinn öðlast þannig skilning á hvernig verk eru brotin upp í verkþætti sem er undirstaða verkskilnings, skipulags og verkaskiptingar. Hönnun og smíði sameinar hug og hönd, hugsun og framkvæmd og veitir því tækifæri til að þroska frumkvæði og sköpunarmátt nemandans á meðvitaðan og markvissan hátt.

### **Námsgögn:**

Verkefni frá kennara

Bækur um hönnun og smíði

Verkfæri og smíðaefni sem nemandinn notar í smíðastofunni.

### **Lykilhæfni:**

Leitast er við að hafa hina sex grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, sköpun, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og jafnrétti. Einnig er reynt að styðja við menntagildi lykilhæfni sem felst meðal annars í að styðja við sjálfsvitund og samskiptahæfni nemandans.

Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.

- Að geti tjáð hugsanir sínar, skoðanir og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.
- Að geti beitt ímyndunarafli sínu og sköpunargáfu til að takast á við verkefni sín á markvissan hátt.
- Að geti unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Að geti unnið með öðrum að skipulögðum námsverkefnum.
- Að geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.
- Að geti tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.
- Að geti sett sér með aðstoð markmið í námi.

### **Hæfniviðmið / matsviðmið:**

Til hliðsjónar og viðmiðunar er farið eftir þeim hæfnipáttum sem skilgreindir eru fyrir námssvið list- og verkgreina í heild og hæfnipáttum eins og þeir eru skilgreindir sérstaklega fyrir hönnun og smíði.

Áhersla er lögð á að nemandi öðlist eftirfarandi hæfni.

- Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Dreigið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar

## Námsþættir:

Tímasetning	Orðaforði	Námsflokkur	Kennsluhættir	Námsmat
<p>22.08 – 30.10 31.10 – 09.01 10.01 – 15.03 16.03 – 07.06</p> <p>Nemandi mætir tvisvar sinnum í viku tvær kennslustundir í senn yfir fjórðung vetrar í um það bil 15 skipti.</p>	<p><b>Nafnorð</b> Hefilbekkur hefill, laufsög, sagarklauf, þvinga, sandpappír, þjöl, raspur, bor, borvél, töng, nagli, hamar, brennipenni,...</p> <p><b>Sagnir</b> Að saga að hefla að þússa að þjala að raspa að þvinga að hefla að bora að negla að líma</p>	<p><b>Handverk, hönnun og tækni með umhverfið í huga þar sem reynir á útfærslu og gerð nokkurra verkefna í hönnun og smíði.</b></p> <p><b>Verkefni</b></p> <p>Mappa og hugmyndabók Æfingasögun og frjáls myndgerð Form sett í kubb Snagahús eftir eigin teikningu Skopparakringla Teningur og spil</p> <p>Frjálst val, leitast er við að koma til móts við hugmyndir og óskir nemenda eftir því sem hægt er.</p>	<p>Sýnikennsla, innlagnir, hugmyndavinna, verklegar æfingar, sköpun, samvinnunám</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Frammistaða við gerð verkefna</li> <li>• Frammistaða í kennslustundum</li> <li>• Í lok námslotu er frammistaða nemanda metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem valin hafa verið fyrir námslotuna</li> <li>• Lykilhæfni er ekki metin sérstaklega en er mikilvæg í samfélagi manna og ber að leggja áherslu á hana samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.</li> </ul>